

Kröfur móta í frjálsum æfingum 2017-2018

Áhaldafimleikar karla

Berist til yfirþjálfara, þjálfara og dómara í áhaldafimleikum karla.

Keppt verður eftir alþjóðlegum dómareglum FIG 2017-2020. Sex dómarar hafa lokið alþjóðlegu dómaranámskeiði í þessum reglum og rúmlega 40 manns lokið prófi innanlands.

Aldursflokkar

Í einstaklingskeppni er aldursflokkaskipting skv. Móta- og keppnisreglum FSÍ og fjölda þátttakenda. Í frjálsum æfingum eru aldursflokkar ekki sameinaðir.

Aldursflokkar í frjálsum æfingum

Keppt er í þremur aldursflokkum í frjálsum æfingum. Karlaflokki (senior, FIG reglur), unglingaflokki (junior, FIG junior reglur) og drengjaflokki (youth, FIG junior reglur)

		<u>2017</u>	<u>2018</u>
Karlaflokkur	18 ára og eldri	'99 og fyrr	'00 og fyrr
Unglingaflokkur	14 – 17 ára	'00, '01, '02, '03	'01, '02, '03, '04
Drengjaflokkur	11 – 14 ára	'03, '04, '05, '06	'04, '05, '06, '07

Innihald móta

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla (TK) hvetur félögin til þess að halda boðsmót og að sækja mót erlendis til þess að fá frekari reynslu fyrir keppendur, þjálfara og dómara.

Haustmót í frjálsum æfingum 2017

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum. Þáttökuskilyrði eru að vera keppandi í 3. þrepi í það minnsta á keppnistímabilinu. Keppt er í þremur aldursflokkum. Keppni CII og CIII á stökki

Reykjavík International Games 2018

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum. Keppt er í unglinga- og karlaflokki. Keppni CII og CIII á stökki

Bikarmeistaramót 2018 í frjálsum æfingum

Liðakeppni. Þáttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1.þrepi Íslenska fimleikastigans á keppnistímabilinu. Hvert lið má skrá 2 varamenn á mótið, fjöldi þjálfara á keppnissvæði með hverju liði er tveir skv. Reglum FIG, töflu í grein 3.2 bls 11.

5 í liði, 5 keppa og 3 telja til stiga. 5-5-3.

Ef félag nær ekki í keppnislíð fyrir mótið eða að þær aðstæður komi upp á mótsstað t.d. forföll keppenda áður skráðra liða sem falla vegna þessa úr liðakeppni, fá þeir einstaklingar



að keppa sem gestir. Einstaklingar í frjálsum æfingum geta keppt sem gestir. Fjöldi liða er frjáls. Keppni C IV

Íslandsmeistaramót 2018

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í unglingsflokkum og karlaflokkum. Þátttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1.þrepi Íslenska fimleikastigans á keppnistímabilinu.

Laugardagur:

Fjölþraut: Keppt í karla- og unglingsflokkum. Keppni CI og II, þeir sem keppa í undankeppni til úrslita á stökki gera 2 stökk.

Sunnudagur:

Úrslit á einstökum áhöldum: Keppt í karla- og unglingsflokkum. 5 hæstu frá laugardeginum komast í úrslit á hverju áhaldi í hvorum aldursflokkum. Keppni CIII.

Meistaramót 2018

Keppt er til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í þremur aldursflokkum. Þátttökuskilyrði er að vera keppandi í 3. þrepi í það minnsta á keppnistímabilinu 2015 – 2016.

Stigakeppni 2017 – 2018

Stigahæsti keppandi á mótum tímabilsins stendur uppi sem sigurvegari í Stigakeppni FSÍ í unglingsflokkum og karlaflokkum. Þau mót sem telja inn í Stigameistarakeppnina eru: Haustmót, Bikarmeistaramót, Íslandsmeistaramót C I (ekki C III) og Meistaramót. Stigagjöf og stöðu í stigakeppninni má finna á heimasíðu FSÍ, www.fimleikasamband.is.

Dýnur á mótum

Skjalið *Dýnur á mótum* fer yfir reglur um notkun auka öryggisdýna á mótum innanlands.

Skráning keppenda og þjálfara á mót

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þátttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta.

Af gefnu tilefni vill tækninefnd karla FSÍ minna þjálfara og keppendur á gildandi reglur varðandi fatnað keppenda á FSÍ mótum. Keppnisfatnaður skal vera í samræmi við reglur FIG, sjá grein 2.3 bls 7-8, á öllum mótum FSÍ. Sé þessum reglum ekki fylgt eftir verður frádrætti beitt samkvæmt reglum FIG, sjá greinar 2 og 3 bls 5-12. Þetta gildir um keppni í bæði frjálsum æfingum og þrepum.

Tveir þjálfarar frá félagi á lið á áhald þegar keppendur eru fleiri en þrír, annars einn þjálfari á lið á áhald. Á Íslandsmót, keppni III er einn þjálfari á keppanda leyfður.



Skráning dómara á mót

Félögin skrá nöfn dómara eftir að skipulag hvers móts liggur fyrir (síðasta lagi 10 dögum fyrir mót). Félögin senda inn eitt dómaragildi fyrir hverja **fjóra** keppendur í viðkomandi aldurshóp. Hver dómari getur ekki tekið fleiri dómaragildi en fjöldi mótshluta á hverju móti. Fjöldi dómaragilda miðast við skráningu keppanda, ekki fjölda keppanda í raun á mótinu. Á Bikarmeistaramóti skal skrá minnst tvo dómara á lið. Við niðurröðun dómara er

miðað við dómaraflokk. Endanlegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er jafnt og hlutfall keppanda viðkomandi félags af heildarfjölda keppanda á viðkomandi móti. Endalegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er sent út af FSÍ/TK þegar dómaraskipulag liggur fyrir.

TK áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir. Allar athugasemdir, spurningar eða ábendingar skulu sendar á skrifstofu FSÍ sem kemur þeim áleiðis til TK.

Nefndin óskar keppendum, þjálfurum, dómurum og starfsfólki góðs gengis og góðrar skemmtunar á komandi mótum FSÍ.

Þátttaka í erlendum verkefnum á vegum FSÍ

Þeir einstaklingar sem stefna á landsliðsverkefni á keppnistímabilinu þurfa að taka þátt í öllum þeim mótum sem FSÍ stendur fyrir í frjálsum æfingum eða hið minnsta vera keppandi í 1. þrepi Fimleikastigans. Ef upp koma veikindi eða meiðsli, skal koma þeim skilaboðum til sviðsstjóra landsliðsmála og leggja fram vottorð sé þess óskað.

Tækninefnd karla (TK)

